

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpa Álfsnesi Mosfellsbæ



Dags eftirlits	8.3.2012	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Sorpa Álfsnesi	Fulltrúi UST	Valur Klemensson
Heimili	Gufunes	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Gnýr Hjarðar	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	366624,722 412355,277

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru að þessu sinni en í síðasta eftirliti var frávik vegna lyktarmengunar frá urðunarstað Sorpu í Álfsnesi, staðfest.

Enn berast kvartanir vegna ólyktar, þrátt fyrir mótvægisáðgerðir rekstraraðila (móttökuaðstaða bætt og biofilter notaður til að draga úr lykt).

Athugasemd er gerð vegna jarðelda í urðunarrein. Eins óskar Umhverfisstofnun eftir upplýsingum um fyrirkomulag starfsleyfistryggingar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis er varða aðbúnað og framkvæmd urðunar í Álfsnesi og samsvarandi greinar í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Þá var farið yfir hvaða símælingar eru gerðar í Álfsnesi.

Urðunarstaðurinn var skoðaður, m.a. ný móttökuaðstaða fyrir lyktarsterkan úrgang, en móttakan er aflokuð og biofilter ætli að draga úr lykt í lofti frá úrganginum. Hauggassöfnunarbúnaður og hreinsistöð voru skoðuð.

Haldin var samráðsfundur skv. starfsleyfi, með rekstraraðilum, fulltrúum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar og hefur fundargerð verið send fundarmönnum.

ATHUGASEMDIR

Jarðeldur var fyrir hendi í urðunarrein í Álfsnesi, en jarðeldar verða af og til á svæðinu. Umhverfisstofnun óskar eftir greinargerð frá rekstraraðila um jarðeldana, líklega tilurð þeirra, tíðni, umfang og hvaða mótvægisáðgerða rekstraraðili hefur gripið til vegna þeirra.

Umhverfisstofnun óskar einnig eftir upplýsingum um starfsleyfistryggingu urðunarstaðar Sorpu í Álfsnesi, sbr. 17. grein reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs.

ANNAÐ

Umhverfisstofnun hefur nú tekið yfir framkvæmd eftirlits með Urðunarstað Sorpu í Álfsnesi en þar til nú hefur eftirlitið verið framselt til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Í síðasta eftirliti var frávik vegna ólyktar sem berst frá Álfsnesi í Leirvogstunguhverfi Mosfellsbæ, staðfest af eftirlitsaðila og var bréf þess efnis sent Sorpu ásamt staðfestri eftirlitsskýrslu þann 5. mars 2012.

Umhverfisstofnun barst bréf frá Sorpu dagsett þann 15. mars 2012 þar sem Sorpa kemur sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi umrætt frávik og verða þau sjónarmið tekin til umfjöllunar í tengslum við eftirfylgni Umhverfisstofnunar við síðasta eftirlit.

Engar kvartanir um ólykt frá urðunarstaðunum bárust Umhverfisstofnun í janúar- febrúar 2012 en í mars 2012 bárust 5 kvartanir og þann 17. apríl s.l. höfðu 14 kvartanir borist til viðbótar.

Reykjavík, 18.04.2012

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.